

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma:

15. fundur, föstudaginn 12. desember, kl. 9:30
í iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Guðni Jóhannesson, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðnaðarráðuneytinu), og Tómas Þór Tómasson, sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigurðsson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (Umhverfisstjórnuneytinu).

Fundarfrásögn:

1. **Heimasíða.** Fundurinn hófst á umræðu um heimasíðu rammaáætlunar. Grunntexti heimasíðunnar er í yfirllestri. Rætt var um hvort nýta mætti heimasíðuna til að leita áhlits „almennings“ á landslagi. Kannað verði hvernig best sé að standa að slíku fyrirkomulagi. Starfsmanni var falið að kalla eftir upplýsingum um tiltækan hugbúnað og kostnað til að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd. Önnur nálgun á þessu takmarki var að efna til rýnisfunda („wise men panel“) um landslag,

2. **Dagskrá vorsins 2009.** Áætlaðir fundardagar verkefnisstjórnar eru 23. jan, 27. feb., 27. mars, 24. apríl og 29. maí. Auk þessara funda er gert ráð fyrir sérsökum kynningarfundum um a) aðferðafræði faghópanna þegar hún/þær liggja fyrir, b) þá virkjanakosti sem verða teknir til mats og c) hvernig stjórnvöld munu fara með niðurstöður rammaáætlunar.

3. **Faghópar og önnur vinna á vegum verkefnisstjórnar.** Guðni Jóhannesson, formaður faghóps IV, kynnti drög að lista yfir virkjanakosti sem rammaáætlun mun fjalla um. Rætt var um hvaða breytur myndu liggja til grundvallar vali á þeim kostum, m.a. um stærð virkjana. Auk þeirra kosta sem voru metnir í 1 áfanga verður litið til lista yfir aðra kosti sem niðurstöðuskýrsla 1. áfanga benti á og háhitakostir kannaðir betur. Rétt þykir að leita áhlits sérfræðinga Orkustofnunar, kanna stefnu og fyrirætlanir orkufyrirtækjanna og jafnvel stærstu verkfræðistofanna.

4. **Önnur mál.** Bent var á að lögð hefði verið fram þingsályktun um endurskoðun Náttúruverndaráætlunar sem hugsanlega mun að taka gildi fljótlega. Formaður taldi áhugavert og aðkallandi að fá kynningu á áætluninni og vinnuferlinu tilurð hennar. Kristín Linda Árnadóttir bauðst til að kynna áætlunina á næsta fundi verkefnisstjórnar. 23. jan.

Fundi slitið kl. 11:00.